Nr. 9/1904: Albert Ágúst Eyvindsson
gegn
hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita
Einari Jónssyni og sýslumanni
Magnúsi Torfasyni.

Dómur:

Samkvæmt niðurjöfnun hreppsnefndarinnar í Vestur-Landeyjahreppi, gjörðri 28. október 1902, átti áfrýjandinn, bóndinn Albert Ágúst Eyvindsson, að greiða sem sveitargjöld:

1. fátækratíund af jörð	. . .	kr.	2,54
2. — af lausafé	. .		1,40
3. aukaútsvar í landaurum	. .	—	19,06
4. — í peningum	. .	—	8,74
	Samtals:	kr.	31,74

Þessa upphæð alla virðist áfrýjandi hafa greitt í tæka tíð, að undanskildum 4 kr. 30 au., sem hreppsnefndin í lögtaksbeiðni sinni segir að hafi verið ætlaðar »til Valalækjarins upp í kostnað við ítepputilraunir«. Var svo þessi upphæð, 4 kr. 30 au., eftir beiðni hreppsnefndarinnar og samkvæmt úrskurði sýslumanns tekin lögtaki hinn 26. marzmán. þ. á. hjá Albert Ágúst Eyvindssyni og lögtaksgjörðin síðan staðfest af sýslumanni 31. s. mán.

Lögtaksgjörð þessari og sýslumannsúrskurðinum hefir bóndinn Albert Ágúst Eyvindsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. maí þ. á., og krafist þess, að hin áfrýjaða lögtaksgjörð verði úr gildi feld, og að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur fyrir skapraun og gjaldtraustspilli,

eigi minni en 50 kr. og málskostnað ekki undir 60 kr. — Hinn stefndi, hreppsnefndarottviti og hreppstjóri Einar Jónsson, sem var lögtaksbeiðandi og lögtaksfremjandi, hefir af sinni hálfu krafist þess, að málinu verði frávísað og honum dæmdur málskostnaður eða kostur og tæring, en til vara, að lögtaksgjörðin verði staðfest og honum dæmdur nægilegur málskostnaður, og enn til vara, að hann verði dæmdur laus við alla ábyrgð fyrir lögtaksgerðina og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu. — Hinn stefndi, sýslumaður Magnús Torfason, hefir fyrir sína hönd gjört þær réttarkröfur, að málinu verði vísað frá dómi og honum tildæmdur málskostnaður og kostur og tæring eftir mati réttins, en til vara, að lögtakið verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður með 60 kr. eða öðru nægilegu; svo og að áfrýjandi verði, hvernig sem málsúrslit annars verða, sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Frávísunarkrafa hinna stefndu verður eigi tekin til greina, með því að þeir hafa eigi bent á nein málsafglöp, er leitt geti til frávísunar, og í málstilbúnaðinum er ekkert það, er heimili frávísun ex officio.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, og byggir á því málsvörn sína, að gjald það, sem hann hefir skorast undan að greiða, hafi verið jafnað á hreppsbúa til þess að standast kostnað við að hlaða í skörð, sem Þverá braut í bakka sína veturinn 1901—1902 og vernda þar með aðliggjandi sveitir fyrir vatnsflóði, að gjald þetta hafi í eðli sínu verið friviljugt gjald, og að hreppsnefndin hafi eigi haft lagaheimild til að jafna því á hreppsbúa gegn vilja þeirra, og að það fyrir því hafi

eigi haft lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29., 16. desbr. 1885, 1. gr., þar er það eigi byggist á lögheimilaðri niðurjöfnun eða mati, enda hafi gjaldi þessu verið jafnað sérstaklega eða sem sérstöku gjaldi á hreppsbúa.

Af gjaldreikningi áfrýjandans haustið 1902, sem tekinn er upp hér að framan, og af gjaldreikningi stærsta gjaldandans í Vestur-Landeyjahreppi haustið 1902, sem fram hefir verið lagður og ekki vefengdur, sést það þó, að gjaldi þessu hefir verið jafnað á hreppsbúa þannig, að það hefir verið innifalið í aukaútsvörum þeirra, og hefir verið hluti af þessu aðalniðurjöfnunargjaldi hreppsbúa. Gjaldið hlaut því að hafa lögtaksrétt jafnt og aukaútsvarið yfirleitt, sem það var partur af. Og verður spurningin þá eingöngu sú, hvort hreppsnefndin hafi haft heimild til að leggja umræddan kostnað á hreppsbúa og jafna honum á þá með aukaútsvörunum. Það leikur nú enginn vafi á því, að þegar kostnaðargjald þetta var ákveðið, hefir það verið álitið nauðsynjamál fyrir hreppinn, að stöðva vatnságang úr Þverá með því að teppa eða stífla Valalæk, og að það var svo litið á, að fé því, sem til þess væri lagt, væri varið í þarfir hreppsfélagsins. Fjárframlag hreppsins alt í þessu skyni var nú 200 kr.; var það ákveðið af hreppsnefndinni með samþykki, eða öllu heldur tilhlutun, sýslunefndarinnar, og verður fyrir því ekki skoðað sem »fríviljugt« gjald hvers einstaks gjaldanda. Það verður nú eigi álitið, að svolöguð ráðstöfun sveitarstjórnarvaldanna komi í bága við löggjöfina um verksvið þeirra, sbr. tilsk. um sveitarstjórn 4. maí

1872, 21. gr., eða að hún verði úr gildi feld með dómsúrskurði. Fyrir því verðnr að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgjörð. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða hinum stefnda málskostnað, hvorum um sig með 20 kr. Eigi er ástæða til þess að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa málsýfingu eftir kröfu hins stefnda sýslumanns.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð skal vera óröskuð. Áfrýjanda Albert Ágúst Eyvindssyni ber að greiða hinum stefndu, hreppstjóra og hreppsnefndaroddvita Einari Jónssyni og sýslumanni Magnúsi Torfasyni, málskostnað, 20 kr. hvorum þeirra, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. septembermánaðar.

Nr. 10/1904: Sigurður Þórðarson
gegn
Sveinbirni Stefánssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi trésmiður Sveinbjörn Stefánsson í Reykjavík fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, tómthúsmanni Sigurði Þórðarsyni sama staðar, og krafðist 500 króna skaðabóta hjá